

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	BHE 201 Hemlar vökvahemlar I Kennsluáætlun 3 önn haust 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 1		

Kennari	Bragi Finnbogason	Sk.st.	BFI
----------------	-------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið er yfir aðferðir við að taka hjólhemla í sundur og hvernig hentugt er að hreinsa íhluti og meðhöndla fyrir samsetningu. Lögð er áhersla á skoðun og mat á hemlahlutum. Farið er í slöngu- og röralagnir og gerðar þéttingar á hemlarörum. Kennarar eru ýmsar aðferðir við lofttæmingu vökvakerfa. Kynnt er notkun hemlaprófunartækis. Nemendur fá fræðslu um vistun og förgun efna og hvað ber að varast varðandi mengun frá hemlabúnaði.

Markmið:

Nemandi þekki: Kröfur til vökvagagna og hemlavökva. Sérstök verkfæri og tæki sem notuð eru við hemlaviðgerðir. Vinnubrögð við að þvo/hreinsa íhluti og meðhöndla fyrir samsetningu
Nemandi geti: Tekið í sundur hjólhemla með diska- og skálahemlum. Metið ástand íhluta hjólhemla og sett saman aftur. Skoðað og metið ástand vökvagagna og endurnýjað rör og slöngur. Skoðað og metið ástand stöðuhemla, endurnýjað hemlavökva og lofttæmt hemlakerfi. Gert einfalda hemlaprófun og lýst prófun í hemlaprófunartæki.

Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006

Ritstjóri þýsku útgáfunnar er Rolf Gscheidle, Studiendirektor, Winnenden- Stuttgart.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004.

Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsefni lotunnar, sem er að taka sundur hemla búnað bifreiðar meta ástand búnaðarins og setja hann aftur saman. Nemendur gera enda á hemlarör taka sundur hemladælu og setja aftur saman og gera hemlapróf í hemlaprófara. Nemendur vinna 2. verkefni og þreyta lokapróf. Til að verkefni gildi til lokaekunnar verða nemendur að ná að lágmarki 50% árangri á lokaprófi.


Námsmat og vægi námsþátta:

Próf 50%. Verkefni 1.gildir 15%. Verkefni 2.gildir 15%. Ástundun 20%.

Annað:

Einkunn fyrir liðinn ástundun byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig endað í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

Dagsetning: 20. 8. 2013


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils